



---

**Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2017 til 2019  
lögð fram á bæjarstjórnarfundi 12. janúar 2016 – síðari umræða**

Í þriggja ára áætlun 2017 til 2019 er gert ráð fyrir verðlagsbreytingum hvert ár. Miðað er við að verðbólgan fylgi þjóðhagsspa Hagstofu Íslands í nóvember 2015 og verði 3,7 % árið 2017, 3,0 % árið 2018 og 2,6 % árið 2019.

Reiknað er með að bæði útsvar og framlög Jöfnunarsjóðs hækki á áætlunartímabilinu sem nemur verðbólgu, ennfremur að laun og annar rekstrarkostnaður taki sömu breytingum.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð um 16 m.kr, 28 m. kr og 40 m.kr hvert ár. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 80 m.kr á ári. Veltufé frá rekstri verður á bilinu 125 til 139 milljónir á ári en afborganir langtímalána 117 til 133 m.kr. Gert er ráð fyrir að taka ný lán að fjárhæð 108 m.kr, 100 m.kr og 95 m.kr. árin þrjú. Á sama tíma er reiknað með að greiða niður lán að fjárhæð 117 m.kr 125 m.kr og 133 m.kr. og er þannig verið að greiða niður skuldir þrátt fyrir talsverða fjárfestingu.

Reiknað er með að skuldaviðmið þokist niður á við og verði komið undir 120% árið 2019. Þá er gert ráð fyrir að veltufjárhlutfallið styrkist og verði komið í 1,00 árið 2018. Áætlunin gerir ennfremur ráð fyrir að framlegð eða EBITDA verði um 16% öll árin.

Samkvæmt áætluninni getur sveitarfélagið fjárfest fyrir 80 milljónir á ári jafnvel þótt verið sé að lækka skuldaviðmiðið.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2017, 2018 og 2019 er hér lögð fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**Elías Jónatansson**  
**bæjarstjóri**